

að þeir eru í höllum og hreysum lífið, sem veitir líf, hin alsjáandi sál mannlífsins alls á jörðunni.

Þegar maður hugsar um þetta allt, hvernig veitkur þá lífið, og til hvers er það? Eg veit það er hugraun, þegar velja skal um það, að vera eða vera ekki, ef hið fyrталda kostar þrautir, baráttu og stríð. En þó er það meinung míin, að margur sé alt að of hræddur. Það er hægt að lifa sem frjáls maður sínu æðsta og fullkomnasta í þessum heimi, án þess það kosti stóra eymd, vansælu og kvöld. Og enginn veit, hvað þor og von megna, nema hann treysti á það, og enginn veit í hvaða vali mesta á-nægjan er, nema hann gangi allar þær brautir. Til þess að vera sannur maður, þarf ekki að borga fyrir það með píslarvættis dauða.

Vér vitum að kröfurnar eru miklar, sem til þeirra eru gerðar, sem kjósa þann kostinn, að vera menn, í hvaða umboði, í hvaða sýslan, í hvaða embætti sem þeir eru. Það er freistung í því, að reyna að ná takmarkinu, sem margur álítur að sé eingöngu það, að verða víðþekktur, mikið ræmdur, og velþóknallegur sem flestum, með því að fara kringum stefnuna, og það er hægt að ná öllu þessu með því. En margar kröfurnar, sem gerðar eru til manna, er vilja vera menn, eru svo heimskulegar, að þær þurfa alls ekki að takast til greina. Hugmyndir manna um manndóm eru svo misjafnar, og oft svo öfugar, að sá er oft mestur maðurinn, sem minnst líkist þeim skoðunum. Einn krefst þess af þér eða mér, að vér séum heilagir einverumenn, snúum frá oss öllum heimi og oss frá öllum mönnum og gjörum ekkert annað en biðja guð um frelsun vorrar einu litlu sálar. En er nokkur manndómur í því, að draga sig út úr fögnuði lífsins, út úr baráttu lífsins, út frá ábyrgð mannfélagsins, hlaða utan um sig veggjum á allar hliðar og setjast að á eyðistöðum sem einlífismenn. Fyrst og fremst væri oss öllu fólk i tjón að missa nokkurn vorra meðbræðra eða að nokkur þeirra gjörðist alheiðagur, því þá um leið hætti hann að berjast með oss vorri mannfélagsbaráttu. Í öðru lagi er mönnunum svo varið, að hver einn verður að vera bæði fullkominn og ófullkominn, hagsýnn og skammsýnn allt í einu. Það er það, sem virðist setja